

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 61/1981, um steinullarverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað 1.– 4. gr. laganna kemur ný grein, svohljóðandi:

Íðnaðarráðherra er heimilt að selja eignarhlut íslenska ríkisins í Steinullarverksmiðjunni.

Helmingur söluandvirðisins skal renna til samgöngubóta eða annarra verkefna í þeim sveitarfélögum sem eiga verulegra hagsmuna að gæta vegna starfsemi Steinullarverksmiðjunnar, samkvæmt nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 6. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Valgerður Sverrisdóttir.*

## LÖG

### um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Ástþór Mario Corado Grant, f. 10. október 1989 á Íslandi.
2. Christina Judith Schnellmann, f. 19. apríl 1974 í Sviss.
3. Jan-Henrik Winter, f. 3. febrúar 1982 í Finnlandi.
4. Kevin Shawn Grandberg, f. 1. febrúar 1972 í Kanada.
5. Monica Ósk Corado Grant, f. 18. desember 1992 á Spáni.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 10. maí 2002.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

*Sólveig Pétursdóttir.*